

Verklagsreglur fyrir upplýsingamiðstöðina á Krossi

Búnaður:

- **Slökkvitæki** (Yfirfarið árlega í maí) AA
- **Eldvarnarteppi** (Yfirfarið árlega í maí) AA
- **Sjúkrakassi** (Yfirfarinn einu sinni í mánuði) AA
- **(Hjartastuðtæki)** (Yfirfarið árlega í október) AA
- **Viðbragðsáætlun** (Uppfærð árlega í október) AA
- **Viðbrögð við eldsvoða** (Uppfært árlega í október) AA

Athugið –mikilvægt er að setja ábyrgðaraðila við hvern verkþátt.

Þekking og færni starfsmanna:

- Allir starfsmenn/eigendur eru með gilt skyndihjálparskírteini frá viðurkenndum aðila. Ath. nýir starfsmenn fara á námskeið áður en þeir hefja störf.
- Allir starfsmenn vita hvar sjúkrakassi og (hjartastuðtæki) er staðsett í húsinu.
- Rifja skal upp notkun á hjartastuðtæki reglulega, ef það er til staðar.
- Brunnaæfing er haldin í lok maí ár hvert (AA):
 - Æfa viðbrögð við eldsvoða.
 - Þekkja rýmingarleiðir og hvar allir eiga að safnast saman.
 - Kynna sér staðsetningu slökkvitækja.
 - Hvernig á að leiðbeina viðskiptavinum í eldsvoða.
- Viðbragðsáætlunir kynntar fyrir starfsmönnum tvisvar á ári (í lok maí og lok september) og fyrir nýjum starfsmönnum áður en þeir hefja störf.
- Nýir starfsmenn sækja árlegt námskeið Ferðamálastofu fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva, öllum starfsmönnum býðst að sækja námskeiðið árlega.
- Nýir starfsmenn fá þjálfunardag undir handleiðslu reynds starfsmanns. Farið er yfir gátlista og sérstök áhersla á góða þekkingu á staðhættum og færni í að vísa til vegar í næsta nágrenni.

Athugið - munið að setja ábyrgðaraðila þar sem það á við.

Húsnæði og aðkoma:

- Rýmingarleiðir eru alltaf greiðfærar, þar er enginn húsbúnaður eða annað sem að getur tafið för.
- Merkingar við flóttaleiðir yfirfarnar í samræmi við kröfur eldvarnareftirlits.
- Rýmingaráætlun staðfest af eldvarnareftirliti/slökkviliðsstjóra er til staðar og vel sýnileg gestum.
- Leiðbeinandi skilti vegna rýmingar eru í hverju rými, fleiri en eitt í stærri rýmum.
- Nota viðvörunarskilti þegar gólf eru þvegin eða þau eru blaut og hál.
- Passa að snúrur og sýningarmunir eða annað lauslegt sé ekki í miðjum gangvegi eða á sem það getur skapað hættu.
- Starfsfólk á vakt fylgist með klakamyndun, hreinsar snjó og klaka við inngang og grýlukerti og klaka af þakbrún við upphaf vaktar þegar veðurskilyrði gefa tilefni til.
- Á tveggja mánaða fresti er farið yfir öll ljós og kúplur hreinsaðir.
- Við dagleg þrif er fylgst með mottum, teppum og öðrum gólfefnum og brugðist við ef slit getur leitt til fallhættu (t.d. lykkjur í slitnu teppi, uppbrettar mottur eða kantar á gólfdukkum).
- Merkingar á bílastæði málaðar upp árlega og viðhaldið.

- Gengið um bílastæði daglega fyrir opnun, rusl, glerbrot og hvassir hlutir hreinsað burt og hálkuvárið sé ástæða til.
- Snyrtingar eru yfirfarnar í samræmi við þrifaáætlun, merkt við að lokinni yfirferð.

Upplýsingar:

- Áður en gögn frá nýjum ferðþjónustuaðilum eru tekin inn er kannað hvort að viðkomandi hefur viðeigandi leyfi og óskað eftir upplýsingum um hvort viðkomandi er í Vakanum, sé svo ekki er upplýst um mikilvægi öryggisáætlana.
- Bæklingarekkum er haldið snyrtilegum og skipulögðum, yfirfarnir daglega og oftár þegar álag er mikið.
- Gátlista um fyrirtæki þar sem að öryggismál eru í lagi er viðhaldið reglulega.

Þessar verklagsreglur voru gerðar af Angantý Angantýssyni framkvæmdastjóra í september 2015. Verklagsreglurnar skal endurskoða árlega og oftár verði atvik sem gefa tilefni til þess.